

Inngangur

Fyrir einu og hálfu ári varð leikskólinn Tjarnarsel Skóli á grænni grein og stefnan að fá að flagga Grænfánanum árið 2007.

Börn eru í eðli sínu rannsakendur og kanna umhverfið í kringum sig á eigin forsendum, þau eru ung farin að finna sér skýringar á umhverfi sínu. Leikskólakennarar gegna því hlutverki að aðstoða börnin í þekkingarleit sinni og hvetja þau áfram eins og mögulegt er. Eitt af markmiðum umhverfismenntar er að efla umhverfisvitund fólks og er skilgreint með því að segja að í því felist umhyggja fyrir umhverfi sínu og hæfileiki til að greina samhengi mannglegra athafna og náttúru. Sjálfbær þróun merkir það að hverri kynslóð beri að skila umhverfi sínu jafngóðu eða í betra ástandi og hún tók við til þeirrar næstu.

Hér verður gerð grein fyrir starfssemi leikskólans, hvernig unnið er að umhverfismennt og leið okkar að Grænfánanum.



Kynning á leikskólanum Tjarnarseli

Leikskólinn Tjarnarsel tók til starfa 18. ágúst 1967 og er elsti leikskóli Reykjanesbæjar. Hann er staðsettur í nálægð við miðbæ Reykjanesbæjar í stuttu göngufæri frá opnum svæðum bæjarins. Í leikskólanum dveljast 86 nemendur. Nemendur dveljast á fjórum aldursskiptum deildum. Mánavellir er deild yngstu nemenda, Sólvellir er deild næstýngstu nemenda, Ljósvellir er deild næstelstu

nemenda og Sunnuvellir er deild elstu nemenda. Nemendur flytjast milli deildanna um sumarfrí með kennurum sínum sem fylgja þeim alla leikskólagönguna.

Útileiksvæðið í Tjarnarseli er lítill bakgarður sem afmarkast af hárrí girðingu er snýr að einkalóðum nágretta annars vegar og leikskólabyggingu hins vegar. Þar sem útileiksvæði fullnægir ekki grófhreyfingabörf nemenda fóru kennarar leikskólans að velta fyrir sér þróunarstarfi árið 1996 um vettvangsferðir í nánasta umhverfi leikskólans. Handbók um efnið leit dagsins ljós árið 2002.

- Meginmarkmið verkefnisins voru
- Að starfsfólk og börn verði meðvitaðri um umhverfi sitt og þá möguleika sem það býður upp á, til gagns og gamans.
- Að börn læri á áþreifanlegan hátt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, hvar sem þau eru.
- Að gefa leikskólabörnum tækifæri til að takast á við hættur í umhverfinu.
- Að starfsfólk geti nýtt sér vettvangsferðir um opin svæði bæjarfélagsins sem leið til náms og uppgötvunar í leikskólauppeldi.
- Að færa hluta af uppeldisstarfinu út fyrir leikskólann sjálfan.
- Að breyta viðhorfi og ímynd starfsmanna og barna gagnvart umhverfi bæjarfélagsins.

Að njóta lífsgleði og hreyfingar í öllum veðrum.

Að gera leikskólastarfið sýnilegra.

Vettvangsferðir og áhugi á umhverfismennt og umhverfisvitund varð til þess að allir kennarar voru sammála um að sækja um til landverndar að gerast skóli á grænni grein haustið 2005 og halda áfram að vinna okkar góða starf.

Einkunnarorð leikskólans Tjarnarsels eru: Hreyfing- lífsgleði- upplifun- virðing.

Aðalnámskrá leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla er kveðið á um að í leikskóla beri að fræða nemendur um náttúruna, umhverfið og verndun þess.

Lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa er háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er því mannum nauðsynleg. Auk þess er náttúran stöðugt undrunarefni. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Reynsla barns af náttúrunni fléttast iðulega inn í leik þess og myndsköpun.

(Aðalnámskrá leikskóla. 1999:26)

Umhverfisnefndir

Í upphafi vinnu okkar að Grænfánum voru skipaðar tvær umhverfisnefndir, umhverfisnefnd fullorðinna og umhverfisnefnd nemenda.

Áður höfðum við á skipulagsdegi gert gátlista þar sem allir starfsmenn leikskólans tóku þátt og fengið fyrirlesara annarsvegar frá Landvernd Sigrúnu Helgadóttur og hins vegar frá leikskólanum Fálkaborg verkefnastjóra Sigrúnu Einarsdóttur og leikskólastjóra Jónínu Lárusdóttur. Á hverri deild var útbúin umhverfissáttmáli. Á skipulagsdeginum var ákveðið að gerast skóli á grænni grein og taka fyrir moltugerð, flokkun sorps, skolonu á mjólkurfernum, flokka afgangspappír einnig er safnað kertaafgöngum og rafhlöðum sem farið er með í olíufélagið Olís. Í leikskólanum Tjarnarseli er aðaláhersla okkar vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans, einn þáttur vettvangsferða er umhverfisfræðsla utan sem innan leikskólans. Í ferðum hópanna um bæjarfélagið gefst gott tækifæri til að vekja athygli á því jákvæða og neikvæða í umhverfi okkar. Umræður vakna um: Veggjakrot, brotnar rúður og rusl, smáfugla og spjalla við vini okkar sem eru allir íbúar Reykjanesbæjar. Í daglegu starfi og leik með börnunum er lögð áhersla á að þátttaka þeirra sé eins mikil og hægt er.

Í umhverfisnefnd fullorðinna eru: Verkefnastjóri, Margrét Kolbeinsdóttir, Leikskólastjóri, Inga María Ingvarsdóttir og í hennar ársfjarveru Ragnhildur Sigurðardóttir, Ingunn Ingvarsdóttir fyrir Mánavelli, Svanhildur Ingólfssdóttir ritari nefndarinnar fyrir Sólvelli, Gréta Eiríksdóttir fyrir Ljósveili, Aldís Einarsdóttir fyrir Sunnuvelli, matráður Fanney Sigurðardóttir, ræstingar sáu starfsmenn Tjarnarsels, fyrir hönd foreldra er Elín Rafnsdóttir grunnskólakennari sem er að byrja með þriðju stúlkuna sína í Tjarnarseli nú í sumar. Umhverfisnefnd fullorðinna hefur fundað að jafnaði einu sinni á tveggja mánaða fresti. Haldin fundargerð sem er svo miðlað til allra hinna á starfsmannafundum. Umhverfisnefndin

var valin í upphafi vegna áhuga starfsmanna á umhverfismennt. Fundargerðir munu fylgja sem fylgiskjöl

Umhverfisnefnd nemenda er skipuð öllum á elstu deildinni í Tjarnarseli hverju sinni á þessu skólaári eru það börn fædd 2001 og þau eru 24. Þau hafa fundað með umhverfisnefndinni að meðaltali á þriggja mánaða fresti en nú á þessum lokaspretti hafa þau fundað oftast, þeim hefur fundist þetta afar spennandi og taka af fullum krafti þátt í verkefninu. Nemendur leikskólans hafa ennfremur verið að læra lög sem eiga við umhverfið, himinn og haf og fl.fundargerðir (sjá fylgiskjöl)

Viðhorfskönnun nemenda og foreldra

Á umhverfisnefndarfundum með nemendum vinna nemendur verkefni sem tengjast umhverfismennt, Gréta gerði sögu um krakka sem fara í vettvangsferð og huga vel að umhverfinu. Ræðum um hvernig við höldum landinu okkar hreinu, höfum rætt um hvar við getum haft grænánann þau eru ennfremur dugleg að læra ljóð og söngva um náttúruna, sérstaklega söngva úr Dagasögum t.d. skólalagið og lagið um Eyrarrósina.(sjá fylgiskjöl)





Markmið og leiðir Tjarnarsels í Grænfánaverkefninu

Umhverfismennt þarf að hefjast strax í leikskóla. Þá byrja að mótast viðhorf og tilfinningar barna til umhverfis, þá má þjálfa ýmis dagleg störf og læra ýmis atriði sem efla skilning á lífinu. Allir grunnþættir umhverfismenntar, viðhorfamótun, færniþjálfun og þekkingar- og skilningsatriði þurfa að fléttast saman, og við aðrar námsgreinar, frá upphafi og áfram í gegn um alla skólagönguna.



Moltugerð

Ýmsar leiðir eru færar til að efla umhverfismennt í leikskólanum og umhverfisvitund leikskólabarna. Með umhverfismennt er átt við uppeldi og fræðslu sem stuðlar að því að varðveita og bæta umhverfið, lífsgrundvöll okkar og afkomanda. Ein leið er sú að kenna börnum að náttúruauðlindir eru ekki ótakmarkaðar með því að leggja áherslu á endurnýtingu ýmissa efna. Nýta pappír sem unnin er með í leikskólanum oftar en einu sinni, við skolum mjólkurfernur og höfum gert s.l. 10. ár. sem börnin fara með í pappírsgám leikskólans, en nú höfum við hugsað okkur að fá mjólkurkú frá MS þá mun ruslið enn minnka í leikskólanum. Einnig nýtum við umbúðir frá matvælum og ýmislegt annaðeins og í



skapandi starf með börnunum. Starfmenn og börn hafa fengið foreldra og heimili í lið með sér, þau eru dugleg að koma með það sem til fellur frá heimilunum.

Í mörg ár hefur sandurinn sem sópaður er upp af gólfum oft á dag fer aftur í sandkassann.

Frá árinu 2001 hefur matar og garðúrgangi safnað í tunnur og þannig búin til mold sem er svo notuð til ræktunar í leikskólanum. Um leið og þetta minnkar ruslið er þetta kjörið viðfangsefni til að efla skilning barna á hringrásum lífríkisins.



Með því að fylgjast með og ræða um hvað gerist við niðurbrot lífvera ætti skilningur barna að aukast á mikilvægi þeirra lífvera sem kallast rotverur og einnig allra smádýra í þessu ferli. Umfjöllun um hringrásir með leikskólabörnum fellur vel að því sem við erum að fást við í leikskólanum. Umfjöllun og vinnan eykur skilning þeirra á hvernig náttúran starfar og hvernig við getum tekið okkur hana til fyrirmyndar með endurnotkun og endurvinnslu ýmissa efna.



Leikskólabörn eru móttækilegir einstaklingar, en þau þurfa örvun til að velta hlutunum fyrir sér og þeir fullorðnu þurfa að hafa trú á hæfni barnanna og gera tilraunir með þeim. Við verðum að trúna að börnin verði hæfari til að meta og taka afstöðu til málanna í framtíðinni og umgangist náttúruna af skynsemi.



Íslendingar verða að læra að elska og umgangast land sitt og náttúru, Jörðina alla og íbúa hennar. Ekki bara til að verða gjaldgengir í samfélagi þjóðanna eða til þess að komandi kynslóðir hafi sömu möguleika til lífs og núlifandi heldur líka til að styrkja sjálfsmynd, virðingu og vellíðan hvers einstaklings. Að ungt fólk nútímans geti verið stolt af því hvað við gerum, og hverju við sleppum, að það geti horfst í augu við framtíðina og geti síðar meir horfst stolt í augu við barnabörnin sín.



Útikennsla:

Börn eiga rétt á heilbrigðu lífneri-fjölbreyttri náttúru-hreinu umhverfi og rými til útiveru.

En hvað þurfa nemendur að læra til að verða vistvænir ferðamenn, það er að segja að velja þann ferðamáta sem skaðar umhverfið sem minnst og fá mikið út úr ferð. Nemendur læra til dæmis að skynja, að njóta, að þekkja margt af því sem einatt ber fyrir augu, að rata um bæinn sinn að skilja lögmál náttúrunnar og siðvenjur manna. Þau þurfa einnig að virða þá staði sem farið er um og leggja metnað sinn í að ganga vel um og sýna háttvísi.

Vettvangsferðir er ein leið sem mikið hafa verið notaðar í umhverfismennt leikskólabarna. Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lífandi tengsl við hana og njóta hennar. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, umgengni um náttúruna og fleira.

Í vettvangsferðum lærum við að nýta hráefni úr náttúrunni og umhverfinu, þannig fáum við jákvæða innsýn í umhverfismálin. Einnig er einn þáttur vettvangsferða að skoða dýraríkið, jurtaríkið og steinaríkið út úr þessu gerum við tilraunir og lærum að draga ályktanir. Leikir úti í náttúrunni örva skynfæri og hreyfingu nemenda að fara í ratleiki, blása biðukollur, hlusta, bragða, snerta, gera tilraunir, ganga á þúfum og margt fleira.

Í Reykjanesbæ eru ótal fallegir og spennandi staðir sem við heimsækjum reglulega, suma staði oftast en aðra því oft eiga hóparnir sína uppáhaldsstaði.

Hér koma nokkrar hugmyndir að vettvangsferðum og leikjum í þeim.

Steinaskoðun og tínsla: Skoða og fá tilfinningu fyrir einkennum steinanna og spyrja spurnina eins og hvaðan koma steinarnir? Hvernig eru þeir í laginu, eru þeir litlir eða stórir? Hvernig er viðkoman, mjúk, hörð, köld eða heit? Af hverju eru þeir ekki eins? Hver er munurinn á þeim? Býr einhver í steinunum? Rannsaka steinana með skynfærum (sjón-, lyktar-, snerti- og bragðskyni).

Plöntuskoðun og úrvinnsla: Á flestum viðkomustöðum okkar í vettvangsferðum er að finna gróður eða plöntur í mismunandi búningi eftir árstíðum. Skoða þær í sínu náttúrlega umhverfi eða taka sýnishorn með í leikskólann eða nota skæri til að klippa plönturnar frá stofninum svo hann skaðist sem minnst.

Ormabjörgun: Eftir rigningu á vorin, sumrin og haustin sækja ormar upp úr jarðveginum og flækjast um á gangstéttinni, börnin koma þá til hjálpar, tína þá upp og setja út í jarðveginn á ný

Skordýragildirur/skordýratilraun: Fylgjast með skordýrum í sínu náttúrulega umhverfi. Greina skordýr með skordýrabókum.

Fugl dagsins/vikunnar: Fugla er hægt að finna á t.d. húspökum, út í móa, í trjánum, á sundi eða á klettasyllum. Einn daginn taldi einn hópurinn 64 fugla.

Viðtal við náttúruna: Að skynja tilveru og hlutverk hluta í náttúrunni og komast í nánari snertingu við plöntur, dýr eða steina.



Kynningar: Sigrún Helgadóttir frá Landvernd flutti okkur mikinn fróðleik, hún skilgreindi umhverfismennt, verndun jarðar og tilurð og leiðir að Grænfánanum. **Norðurbergi,** Jónína Lárusdóttir og Sigrún Unnur Einarsdóttir frá leikskólanum Fálkaborg komu með kynningu um verkefnið skóli á grænni grein. Sögðu okkur markmið og áhersluatriði að verkefninu í máli og myndum. Þær svöruðu spurningum sem vöknudu meðal starfsfólks og einnig urðu miklar umræður.

Dagana 20.-23. apríl 2006 lögðu 24 starfsmenn leikskólans land undir fót í náms- og kynnisferð til Edinborgar í Skotlandi. Tilgangur ferðarinnar var að kynnast námi og starfi þriggja leik- og grunnskóla sem starfa í anda Grænfánans.

The Royal High Primary School fékk Grænfánann 2005, Sex nemendur fylgdu okkur um skólann og sögðu okkur m.a. hvernig væri unnið að umhverfismennt hjá þeim og var áberandi hversu stoltir þeir eru af skólanum.

Echline Primery School sem er leik-og grunnskóli. Nemendur voru með kynningu í máli og myndum um skólann sinn og umhverfismenntina. Umhverfisráð nemenda voru búnir að undirbúa spurningar sem þau lögðu fyrir okkur.

Cowgate leikskóli sem fékk Grænfánann 2005.

Ánægjuleg ferð sem allir voru sammála um að hafi verið gagnleg og skemmtileg og styður vel við það starf sem við erum að vinna í umhverfismálum.

Það var vel tekið í fyrirspurnir okkar hjá Landvernd í Skotlandi sem hjálpuðu okkur að finna skóla sem hentuðu okkur að skoða, það var síðan Jamie Pearson yfirmaður þeirra í Edinborg sem var leiðsögumaður okkar í heimsóknunum.

Kynningar í leikskólanum hafa verið á foreldrafundum síðan hafa foreldrar yngstu nemenda okkar fengið kynningu áður en börnin byrjuðu í leikskólanum.

Leikskólastjóri og verkefnastjóri voru með kynningu sem hét „Að deila náttúrunni með börnum“ á ráðstefnu í Kennaraháskóla Íslands vorið 2006. Ennfremur höfum við haldið kynningar fyrir aðra leikskóla bæði sem hafa heimsótt okkur eða við heimsótt.



Eftirlit og endurmat

Það er stefna okkar í Tjarnarseli að halda áfram því frábæra starfi sem við höfum verið að vinna síðustu ár í umhverfismálum hvort sem er umhverfismennt, umhverfisvitund eða vettvangsferðum. Gátlistar voru fylltir út í byrjun verkefnisins þ.e.a.s. haustið 2005 og svo aftur vorið 2007 allir starfsmenn Tjarnarsels tóku þátt í að fylla út listana og munu þeir fylgja skýrslunni sem fylgiskjöl. Við lærum að bera virðingu fyrir öllu í umhverfinu og umgangast það af jákvæðni. Umhverfismenntun nær til allra þátta í daglegu lífi, í leikskólanum og þar fyrir utan. Það fylgir því gleði að útskrifa sjálfstæðan, öruggan og gagnrýninn einstakling sem ber virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Við munum áfram upplifa og fagna hverri nýrri

vitneskju um nánasta umhverfi okkar sem breytist dag frá degi, hvort heldur frá hendi náttúrunnar eða af manna völdum. Við hvetjum nemendur okkar til umhugsunar um viðhorf til náttúrunnar og umhverfisins. Vel er hugsað um hvað er keypt inn til matargerðar mikið er lífrænt ræktað og enginn unninn matvara er keypt inn. Pappír er endurunninn í leikskólanum hvort sem er í myndlistarverkefni eða í pappírsgerð. Allar umbúðir úr eldhúsi fara í listakróka eða á útileiksvæði þar sem farið er í búðarleiki, og mokað í haframjölspoka og margt annað. Við munum halda áfram í moltugerð. Þótt starfsfólk hætti og nýir bætist við er auðvelt að halda verkefninu þar sem góður grunnur hefur verið lagður.

Gamall málsháttur indjana segir. „Því klókari sem þú ert, því færri spor skilurðu eftir þig”